



## **39. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 23. apríl, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.**

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

- 1. Bréf frá heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytinu vegna breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu.**
- 2. Erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu vegna upplýsingaskilta.**
- 3. Erindi frá Grími Gíslasyni um málefni tengd menningarmálum og ferðaþjónustu.**
- 4. Samningur við Skógræktarfélag A-Hún vegna ársins 2002.**
- 5. Málefni Hróteyjar 2003 – Opinn skógur.**
- 6. Bréf frá Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna lyftu að Hnjúkabyggð 33.**
- 7. Frá lönþróunarfélagi NV: Hugmyndir að verkefnum í ferðaþjónustu**
  - a. Himnastiginn**
  - b. Steinöld**
- 8. Önnur mál.**

### **Afgreiðslur:**

- 1. Bréf frá heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytinu vegna breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu.**

*Fram lagt bréf ráðuneytisins þar sem bent er á að frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 hefur öðlast gildi. Fram kemur m.a. í bréfi ráðuneytisins að halda beri upplýsinga- og samráðsfundi með sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðisstofnunarinnar.*

- 2. Erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu vegna upplýsingaskilta.**

*Í bréfi frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins er því beint til sveitarfélagsins að varða þurfi leið að Heimilisiðnaðarsafninu betur. Stungið er uppá að sett verði upp skilti við Húnabraut/Árbraut, Árbraut/Þverbraut og Húnabraut/Þverbraut. Bæjarráð tekur erindinu vel og samþykkir að bæjarstjóri vinni að þessum máli með forstöðumanni safnsins.*

- 3. Erindi frá Grími Gíslasyni um málefni tengd menningarmálum og ferðaþjónustu.**

*Í bréfi sínu lýsir Grímur yfir ánægju með að umræða hafi verið vakin á nýtingu Hillebrandtshúss sbr. fundargerð menningar- og safnanefndar Blönduóssbæjar frá 27. mars sl. Viðrar hann jafnframt ýmsar hugmyndir er lúta að ferða- og menningarmálum, m.a. að nýta megi hin víðlendu tún*



*beggja megin Hnjúkabyggðar til að koma upp vísi að húsdýragarði með áhöldum frá liðinni tíð.*

*Bæjarráð fagnar þessu erindi og vísar því til nánari umfjöllunar í menningar- og safnanefnd.*

#### **4. Samningur við Skógræktarfélag A-Hún vegna ársins 2002.**

*Bæjarráð óskar eftir að farin verði vettvangsferð í Vatnahverfi í næstu viku og svæði Skógræktarfélagsins verði skoðað.*

#### **5. Málafni Hróteyjar 2003 – Opinn skógur.**

*Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi og er Hrótey aðili að verkefninu. Markmiðið er að opna fjölmörg skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi er til fyrirmyndar.*

*Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja fær Skógræktarfélag A-Hún styrk að upphæð kr. 500 þúsund til framkvæmda í Hrótey í sumar og kr. 630 þúsund til annarra verkefna. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með að Hrótey sé aðili að verkefninu og óskar Skógræktarfélaginu til hamingju með styrkinn. Lagt er til að farið verði í vettvangsferð í Hrótey samtímis þess að Vatnahverfi verði heimsótt í næstu viku.*

#### **6. Bréf frá Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna lyftu að Hnjúkabyggð 33.**

*Í bréfinu er staðfest úthlutun félagsmálaráðherra um úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra 2003 vegna lyftu að Hnjúkabyggð 33. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram með sýslumanni.*

#### **7. Frá lönþróunarfélagi NV: Hugmyndir að verkefnum í ferðaþjónustu**

- a. Himnastiginn
- b. Steinöld

*Bæjarráð felur lönþróunarfélaginu að vinna áfram að hugmyndum þessum en sveitarfélagið getur lagt fram starfskrafta ungmenna ef á þarf að halda.*

#### **8. Önnur mál.**

##### **a. Ferð í Glaðheima hinn 10. apríl 2003.**

*Rædd var vettvangsferð í Brautarhvammi í síðustu viku þar sem bæjarráð átti viðræður við Grétar og Signýju, rekstaraðila Glaðheima. Ljóst er að salernisaðstöðu er mjög ábótavant, einnig eru leiktæki úr sér gengin og ýmislegt sem lagfæra þarf. Einnig bentu rekstaraðilar á að mjög brýnt væri að fá annan starfsmann til starfa yfir háannatímamann.*

*Bæjarstjóra er falið að vinna að samningsdrögum vegna aðkomu sveitarfélagsins að tjaldsvæði og upplýsingamiðstöð.*

##### **b. Erindi vegna niðurfellingar á fasteignagjöldum vegna örorku.**



*Nánar bókað í trúnaðarbók.*

**c. Atvinnumál.**

*Rætt almennt um atvinnumál og lokavinnu stefnumörkunar. Fyrirhugað er að halda fund með íbúum í byrjun maí til að kynna framtíðarsýn í atvinnumálum sveitarfélagsins. Bæjarráð ítrekar mikilvægi þess fundar og leggur til að bæjarstjóri komi með tillögur að því hvernig kynning þessi eigi að fara fram.*

Fleira gerðist ekki.

*Fundi slitið kl. 18:50.*

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)